



“Gapparinn”

Eitt lítið fréttabréf um Vistvernd í verki...

september 2001

2. tbl. 1. árgangur

Innihald:

- | | |
|-------------------------------------|--------|
| • Inngangur | bls. 1 |
| • “Haustannir” | bls. 1 |
| ○ Kynningarvika 24. – 28. sept. | bls. 1 |
| ○ Kynningarfundur 26. sept. | bls. 2 |
| ○ Sjónvarpsþátturinn Spírall | bls. 2 |
| • Leiðbeinendanámskeið | bls. 2 |
| • Fyrstu tölur | bls. 2 |
| • Landsmót GAP í Hallormsstað | bls. 3 |
| • Viðtal við leiðbeinanda | bls. 3 |
| • Viðtal við staðbundinn stjórnanda | bls. 4 |
| • Við hverja á að hafa samband? | bls. 5 |

*“Sá er hamingjusamur
sem veit að hann
hefur nóg.”*

Lao Tse

Inngangur

Þetta er annað eintak af fréttabréfinu “Gapparanum” sem á ætlað er að komi út einu sinni á önn. Hann flytur helstu fréttir af verkefninu Vistvernd í verki og við kynnumst einum leiðbeinanda og einum staðbundnum stjórnanda, eins og við byrjuðum á að gera í fyrsta tölublaðinu.

“Haustannir”

Nú þegar við siglum inn í aðra haustönn verkefnisins, eftir útkomu bókarinnar, finnum við hvernig Vistvernd í verki á Íslandi er hægt og sígandi að vaxa fiskur um hrygg. Eftirtalin sveitarfélög hafa gert samning við Landvernd og bjóða þar með íbúum sínum að taka þátt í visthópi. Þetta eru: Akureyri, Austur-Hérað, Árborg, Hafnarfjörður, Mosfellsbæ, Reykjanesbæ og Reykjavík. Hveragerði mun skrifa undir samning á næstunni og fleiri sveitarfélög eru að skoða málið.

- **Kynningarvika**

Víkuna 24. – 28. september verður haldin kynningar- og skráningarvika Vistverndar í verki, þar sem lögð verður áhersla á umfjöllun um verkefnið í fjölmiðlum. Þá er einmitt góður tími til að skrá sig til þátttöku í visthópi, því þeir eru víða að fara af stað í sept. – okt. Sjá upplýsingar um tengiliði hér aftast í fréttabréfinu.

- **Kynningarfundur**

Visthópurinn Grænjaxlar býður til kynningarfundar á Tapas barnum í Kaffileikhúsinu, miðvikudagskvöldið 26. september kl. 20.30. Fleiri kynningarfundir eru á döfnni í öðrum sveitarfélögum. Fylgist með á heimasíðu Landverndar.

- **Sjónvarpsþátturinn Spíral**

Þessa dagana er verið að taka upp nýjan sjónvarpsþátt um umhverfismál, sem sýndur verður í Ríkissjónvarpinu í október og nóvember. Þátturinn, sem gerður er að samskrifmynd, er ætlaður börnum í elstu bekkjum grunnskóla, en reynslan frá Svíþjóð sýnir að fjölskyldan horfir gjarnan öll saman á þáttinn. Handritsgerð er í höndum Karls Ágústars Úlfssonar, sem jafnframt hefur nokkra sérfræðinga á sviði umhverfismála sér til fulltingis. Í þáttunum eru tvær aðalpersónur, einskonar “leiðsögumenn” og eru þau leikin af Halldóru Geirharðsdóttur og Friðrik Friðrikssyni. Aðalstyrktaraðilar eru Sorpa, Landsvirkjun og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, en einnig hafa umhverfisráðuneytið og Orkuveita Reykjavíkur stutt gerð þáttanna. Í þáttinum verður skyggst inn til fjölskyldu í Hafnarfirði, sem tekið hefur þátt í vishópi. Þáttirnir eru 10 og verður sá fyrsti sýndur sunnudaginn 7. október.

Leiðbeinendnámskeið

Leiðbeinendanámskeið verður haldið á höfuðborgarsvæðinu helgina 29. – 30. september n.k. Staðsetning verður ákveðin þegar næst dregur, m.a. með tilliti til búsetu þátttakenda. Umsjón er í höndum Sigurborgar Kr. Hannesdóttur og Kristínar G. Magnúsdóttur. Fyrir þá sem hafa haft ánægju af vishópastarfinu (enn höfum við reyndar ekki frétt af neinum sem hafði ekki ánægju af því!), þá er það tilvalið næsta skref að fara á leiðbeinendanámskeið. Leiðbeinendahlutverkið er góð leið til að viðhalda neistanum, halda sjálf(ur) áfram að bæta árangur sinn í umhverfismálum og taka þátt í því að fjölga vishópum á Íslandi. Þess má geta að hingað til hafa sveitarfélögin kostað þátttakendur á námskeiðið gegn því að þeir taki síðan að sér að leiðbeina hópum. Á heimasíðu Landverndar er fjallað um leiðbeinendanámskeiðið í febrúar s.l. og þar er m.a. að finna umsnagnir þátttakenda. Áhugasamir eru beðnir um að skrá sig fyrir 25. september. Nánari upplýsingar gefur Sigurborg um netfangið sigurborg@landvernd.is eða í síma 866 5527.

Fyrstu tölur

Í dag hafa samtals um 130 fjölskyldur tekið þátt í vishópi og þegar allir heimilismeðlimir eru taldir, eru það um 500 manns! Allir hafa þessir einstaklingar lagt sitt af mörkum til að bæta umhverfið. Fyrstu tölur um árangur hafa nú borist frá 35 fjölskyldum. Þær sýna minnkun sorps um 1 kg. pr. heimilismann á viku en besti árangurinn er minnkun um 9,5 kg. á einni viku á tveggja manna heimili, eða um 80%. Rafmagnsnotkun minnkaði að meðaltali um 21 kwst. á heimili á viku og hiti um tæpa 6 lítra. Og þó svo að þátttakendur í vishópum séu almennt sammála um að erfiðast sé að draga úr bílnotkun, minnkuðu þessi 35 heimili bensíneyðsluna um 6%.

Landsmót GAP í Hallormsstað

Hið fyrsta "Landsmót" GAP var haldið í Hallormsstað í maí s.l. Til mótsins mættu 11 manns og síðan bættust 5 þátttakendur í hópinn, sem settið höfðu aðalfund Landverndar sem haldinn var á Egilsstöðum fyrr um daginn. Þessi helgi var bæði gagnleg, uppbyggjandi og skemmtileg í mikilli veðurbliðu í skóginum. Ákveðið hefur verið að landsmót verði árlegur viðburður og einhver sveitarfélaganna hafa sett sér þá stefnu að styrkja leiðbeinendur til farar, í þakklæðisskyni fyrir það góða sjálfböðastarf sem þeir inna af hendi. Myndir og fréttir af landsmóti er að finna á heimasíðu Landverndar.

Viðtal við leiðbeinanda

Kristjana Hrund Bárðardóttir er leiðbeinandi í Árborg. Hennar fyrsti hópur var reyndar óvenjulegur, því það voru starfsmenn og börn á leikskólanum Álfheimum á Selfossi. Aldrei fyrr hefur Landvernd gefið út viðurkenningarskjöl með jafn mörgum nöfnum! Gefum Kristjönu orðið:

Sp. : *Hvað vakti áhuga þinn á GAP?*

Ég hef haft áhuga á umhverfismálum frá því að ég var unglingur, en ég kynntist GAP í gegnum Snorra Sigfinnsson fyrrverandi umhverfisstjóra Árborgar þegar hann spurði hvort að ég vildi ekki taka þátt í visthópnum sem fór í gegnum próförkina af íslensku handbókinni.

Sp.: *Var eitthvað sem kom þér á óvart þegar þú tókst þátt í visthópi?*

Já, það var margt sem kom á óvart, sérstaklega hvað fólk í kringum mig var hissa á því að ég skyldi nenna að vera standa í þessu veseni.

Sp.: *Og hvað varð svo til þess að þú fórst á leiðbeinendanámskeið?*

Mig langaði til þess að útbreiða fagnaðarerindið!! Aðallega langaði mig að sýna fólkinu í kringum mig að það sem ég væri að gera væri gagnlegt og gaman en ekki eintómt vesen.

Sp.: *Segðu okkur frá hópnum sem þú ert búin að leiðbeina?*

Hópurinn sem ég var með var mjög áhugasamur. Þetta var starfsfólk leikskólans Álfheima á selfossi. Þetta var kannski svolítið öðruvísi en venjulegur fjölskyldu visthópur, en hver deild var skilgreind sem ein fjölskylda og skiptist starfsfólk hverrar deildar á að koma á fundina. Börnin tóku líka þátt með því að hjálpast að við að flokka sorpið, finna nafn á hópinn og ýmislegt annað sem gera þurfti. Þau fundu nafnið Hókus Pókus á hópinn vegna þess að "hókus pókus ruslið breytist í mold". Þær voru mjög sjálfstæðar og það reyndi ekki mikið á æingarnar sem við gerðum á leiðbeinendanámskeiðinu í Hafnarfirðinum sæla minninga. Þannig að það verður spennandi að takast á við næsta visthóp.

Sp.: *Hvernig líkar þér leiðbeinendahlutverkið?*

Mér líkar það mjög vel þetta er gaman og gefandi.

Sp.: Er eitthvað nýtt sem þú lærir á því að leiðbeina (frá því að vera þátttakandi í vishópi?)

Ég er alltaf að læra eitthvað nýtt. Konurnar á leikskólanum voru uppfullar af hugmyndum um hvað hægt væri að gera. Ein hugmyndin sem þær komu með og framkvæmdu var að þær “ættleiddu” barn á Indlandi. Hugmyndin er að kenna börnunum hvað sorpið getur verið verðmætt. Til dæmis er hægt að taka peningana sem maður fær fyrir flöskurnar og senda barninu á Indlandi, það er hægt að gefa því gömul föt og svo framvegis.

Sp.: Hvað er svo framundan í Vistvernd í verki hjá þér og ykkur í Árborg í vetur? Framundan hjá mér er kynningarfundur hjá leikskólakonunum og markmiðið hjá mér er að fá a.m.k eina þeirra til að fara á leiðbeinendanámskeið og að fá a.m.k 2 vishópa út úr kynningarfundinum. Það er ekki ákeðið ennþá hvað er framundan í Árborg en fljótlega verður fundur með staðbundnum stjórnanda til að ákveða framhaldið.

Sp.: Fórstu á landsmótið í Hallormsstað?

Já, ég fór í Hallormsstað og hlakka mikið til að fara þangað aftur. Þetta var alveg frábær helgi í alla staði og þeir sem ekki komu misstu af miklu.

Viðtal við staðbundinn stjórnanda

Í hverju sveitarfélagi er einn lykilmaður eða kona sem sem halda utan um verkefnið heima fyrir og kallaðir hafa verið “staðbundnir stjórnendur”. Það er Hjalti J. Guðmundsson sem verður fyrir svörum að þessu sinni, en hann stýrir verkefninu fyrir Reykjavíkurborg.

Sp.: Hver er ástæðan fyrir að þér var fengið þetta hlutverk, að stýra Vistvernd í verki í Reykjavík?

Ég datt inn í Vistvernd í verki í gegnum mitt starf sem staðardagskrárfulltrúi Reykjavíkur og leist strax mjög vel á þetta enda verkefnið í anda staðardagskrár. Einnig sá ég þarna sjálfur tækifæri á að koma sumum málum hjá mér til betri vegar.

Sp.: Ert þú búinn að taka þátt í vishópi?

Já, ég tók þátt í vishópi sem kallaði sig Grænjaxlarnir.

Sp.: Hvað finnst þér standa uppúr í vishópastarfinu með Grænjöxlum?

Annars vegar hvað margt er hægt að gera í umhverfismálum heimilisins með mjög einföldum aðgerðum og hins vegar félagsskapurinn, sem var alveg frábær. Þetta var mjög gaman og ákaflega hressst fólk sem var í hópnum.

Sp.: Náðirðu góðum árangri?

Ég hafði reyndar tekið mig á í ýmsum hlutum áður en ég tók þátt í þessu verkefni. Samt sem áður náði ég að minnka sorpmagnið hjá mér (vikt) um 50%, eitthvað náði ég að minnka bílanotkun sem er kannski erfiðast í þessu. Núna leita ég eftir umhverfismerktum vörum í verslunarferðum en verst er hvað þeir vörflokkar eru

fáir. Þó er hægt að fá umhverfismerkta vörflokka eins og þottaefni sem er náttúrulega fyrsta skrefið. Einnig er hægt að kaupa lífrætt grænmeti.

Sp.: *Fórstu á landsmótið í Hallormsstað?*

Nei, ég komst ekki vegna annarra skuldbindinga en ég er ákveðinn í að fara á næsta ári.

Sp.: *Hvernig hefur gengið að koma verkefninu á í Reykjavík?*

Það hefur satt best að segja gengið hálf illa. En við erum full bjartsýni og blásam í herlúðra nú í haust og setjum okkur göfug markmið. Það tekur tíma að koma skriðunni af stað og maður verður að hafa þolinmæði og vinna að þessu mjög markvisst.

Sp.: *Áttu eitthvað heilræði fyrir aðra sem stýra Vistvernd í verki í sínum sveitarfélögum?*

Já, það er líkast til best að kynna þetta fyrir fólki augliti til auglitis - fara til fólksins og kynna málið. Mikilvægt er líka að benda á félagslega þátt verkefnisins - að það er mjög skemmtilegt að taka þátt í Vistvernd í verki og kynnast nýju fólki og í leiðinni finna sínar eigin leiðir til þess að leggja sitt af mörkum til bættar umhverfishegðunar.

Við hverja á að hafa samband?

Þetta er fólkið sem getur gefið allar frekari upplýsingar:

GAP- Ísland

Landvernd Sigurborg Kr. Hannesdóttir. Er við á þriðjudögum.
Sími 552 5242 sigurborg@landvernd.is

Akureyri

Guðmundur Sigvaldason Sími 460 1458 gudm@akureyri.is

Austur-Hérað

Þórhallur Pálsson Sími 471 1166 thorhallur@egilsstadir.is

Árborg

Hafsteinn Hafliðason Sími 480 1900 hafsteinn@arborg.is

Hafnarfjörður

Hulda Steingrímsdóttir Sími 585-5591 huldass@hafnarfjordur.is

Hveragerði

Kolbrún Þóra Oddsdóttir Sími 480 3415 kolla@hveragerdi.is

Mosfellsbær

Jóhanna B. Magnúsdóttir Sími 525 6772 jbm@mos.is

Reykjanesbær

Johan D. Jónsson Sími 421 6750 johan.d.jonsson@reykjanesbaer.is

Reykjavík

Hjalti J. Guðmundsson Sími 563 2623 hjg@rvk.is